

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegs – og landbúnaðarráðherra  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2014

### **Efni: Krafa um afturköllun – höfnun á úthlutun viðbótartollkvóta**

Þann 18. febrúar 2014 tilkynnti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á heimasíðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, að ákveðið hefði verið að úthluta ekki viðbótartollkvótum fyrir innflutning á buffala-, geita- og ærmjólkurostum né heldur lífrænum kjúkling. Tilkynningin var sett fram í tilefni af niðurstöðu ráðuneytisins að hafna beiðni Haga hf. um úthlutun á opnum tollkvótum, án gjalda, fyrir innflutning á framangreindum ostum og kjúkling.

Samkvæmt 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (hér eftir „búvörulög“) þá ber ráðherra að úthluta, að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur samkvæmt viðaukum IVA og B við tollalög nr. 88/2005. Framangreindir ostar og kjúklingur falla undir viðauka IVA.


Í 87. gr. búvörulaganna er að finna málsmeðferðarreglur sem ráðgjafanefndinni ber að fylgja áður en hún gerir tillögur til ráðherra um m.a. úthlutun tollkvóta skv. a-lið 2. mgr. ákvæðisins. Ber nefndinni skv. 4. mgr. 87. gr. laganna að senda fjórum tilgreindum aðilum, þ. á m. Félagi atvinnurekenda, drög að tillögum sínum ásamt stuttum rökstuðning.

Í aðdraganda tillagna ráðgjafanefndarinnar til ráðherra um framangreinda höfnun var ekki óskað eftir álitni hinna lögbundnu umsagnaraðila. Félag atvinnurekenda hafnar þeirri túlkun ráðuneytisins, sem birt var á heimasíðu þess dags. 21. febrúar 2014, að ráðgjafanefndinni beri einungis að óska eftir afstöðu umsagnaraðilanna þegar til stendur að fallast á úthlutun tollkvóta. Slíkt er bæði í ósamræmi við skýran texta búvörulaganna sem og vilja löggjafans.

Ljóst er að umrædd ráðgjafanefnd hefur það hlutverk að gera tillögur að úhlutun tollkvóta, þ.e. bæði um höfnun á úhlutun sem og samþykki. Nefndinni er einfaldlega óheimilt, skv. 4. mgr. 87. gr. búvörulaganna, sem og 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, að gera slíkar tillögur til ráðherra án þess að ráðfæra sig við hina lögbundnu umsagnaraðila. Er hvergi að finna frávik frá þeim reglum.

Með vísan til framangreinds er ljóst að málsmeðferð í umræddu máli var ólögumæt og er þar með ákvörðun ráðherra um höfnun á úhlutun viðbótartollkvóta ógildanleg. Félag atvinnurekenda óskar eftir því að ráðherra afturkalli framangreinda ákvörðun sína í samræmi við 25. gr. stjórnslulaga og taki nýja ákvörðun í samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem lýst er hér að framan

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson, framkv. stjóri FA



Björg Á. Þórðardóttir, lögfræðingur